

Nr. ____ Lagt fram í Héraðsdómi

Reykjavíkur 9 / 2 20 17

Þýtt úr ensku:

TRÚNAÐARMÁL

Nr. (*handskrifað*) 79 Lagt fram í Héraðsdómi

Reykjavíkur (*handskrifað*) 201/12 2016

Rammasamningur

varðandi Nýja Kaupþing banka hf.

milli:

- (1) Fjármálaráðuneytið, kt. 550169-2829, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda (nefnist hér eftir „**Stjórnvöld**“); og
- (2) Kaupþing banki hf. kt. 560882-0419 með skráð aðsetur að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland; og
- (3) Nýja Kaupþing banki hr. kt. 581008-0150 með skráð aðsetur að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland.

(nefnast saman „**Aðilar**“)

FORSENDUR

ÞARSEM Fjármálaeftirlitið (nefnist hér eftir „**FME**“) skipaði skilanefnd Kaupþings þann 9. október 2008 samkvæmt 5. grein laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. sem breyttu lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki (nefnast hér eftir „**Lög um fjármálfyrirtæki**“).

ÞARSEM stjórnvöld stofnuðu Nýja Kaupþing banka hf, kt. 581008-0150 (nefnist hér eftir „**NKB**“) þann 18. október 2008.

ÞARSEM Fjármálaeftirlitið ákvað þann 21. október 2008 á grundvelli laga um fjármálfyrirtæki að framselja tilteknar eignir („**Frameldar eignir**“) og skuldbindingar („**Frameldar skuldbindingar**“) frá Kaupþingi til NKB.

ÞARSEM Héraðsdómur Reykjavíkur heimilaði Kaupþingi greiðslustöðvun sem enn er í gildi.

ÞARSEM skilanefnd Kaupþings („**Skilanefndin**“) hefur þá lögbundna skyldu og markmið að hámarka virði eigna Kaupþings og gæta hagsmunu kröfuhafa Kaupþings.

ÞARSEM stjórnvöld stefna að því að tryggja stöðugt og starfhæft bankakerfi á Íslandi.

ÞARSEM aðilar hafa lokið samningum um framtíðarsamband Kaupþings og NKB.

VEGNA PESSA hafa aðilar samþykkt eftirfarandi rammasamning („**RS**“):

STADUR OG DAGS.: *Reykjavík, 8.2.17*
ÞÝÐANDI: ELLEN INGVADÓTTIR
DÓMTÚLKUR OG
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI
FJÖLDI BLAÐS.: *16*

1. Rammasamningur

Þessi rammasamningur lýsir ramma fyrir fyrirhuguð viðskipti að því er varðar réttindi aðilanna gagnvart NKB og hvor öðrum.

2. Skilgreiningar

Skilgreind orð í fylgiskjöldum (sem eru hluti af þessu skjali) hafa sömu merkingu í skjali þessu nema þörf sé fyrir annað vegna samhengis. Að auki, nema þar sem annað er sérstaklega tekið fram eða þar sem samhengi gerir kröfur um annað:

„**Samningar**“ merkja alla samninga, samkomulag, skilning, yfirlýsingar og fleira sem hér er lýst og/eða fyrirhugað í þessum rammasamningi.

„**Kröfuhafar**“ merkja kröfuhafa Kaupþings.

„**Vörslutímabil**“ merkir tímabilið sem hefst þann dag sem fyrri er af þessum tveimur: (i) daginn sem Kaupþing lýsir yfir að skilyrði fyrir fjármögnun Kaupþings hafi ekki verið uppfyllt, eða (ii) ef fjármögnun Kaupþings hefur ekki átt sér stað 31. október 2009, en hefst þann dag (31. október 2009) og lýkur 31. desember 20011.

„**Endanleg skjalfesting**“ merkir undirritun og fullnustu aðila á öllum samningum sem lýst er í 3. grein.

„**Endanlegur skjalfestingardagur**“ merki daginn sem endanleg skjalfesting fer fram sem getur aldrei orðið síðar en 14. ágúst 2009.

„**Kaupþing**“ merkir Kaupþing banka hf. og dótturfélög í fullri eigu bankans.

„**Kaupþing HoldCo**“ merkir dótturfélag í fullri eigu sem notað er til eignarhalds á hlutum Kaupþings í NKB ef Fjármálaeftirlitið skyldi krefjast þess.

„**Aðgreindar eignir**“ merkir eignir NKB sem Kaupþing skal auðkenna samkvæmt fylgiskjali E.

„**Skuldabréf SPRON**“ merkir skuldabréf sem gefið af út af SPRON til NKB sem greiðsla fyrir innistæðu sem NKB yfirtekur.

„**Matsaðili**“ merkir (óháður fjárfestingabanki eða endurskoðunarfyrtæki).

„**Matsmunur**“ merkir muninn milli virði framseldra skuldbindinga og framseldra eigna á einhverjum degi vörslutímabilssins.

3. Listi yfir samninga

- (i) Samningur um fjármögnun Kaupþings
- (ii) Samningur um fjármagnsgerning á eiginfjárþætti B
- (iii) Hluthafasamningur
- (iv) Vörslusamningur og samningur um skilyrtan virðisrétt
- (v) Samningur um eiginfjárválarétt

4. Fjármögnun

Aðilar samþykkja að 14. ágúst 2009 skulu stjórnvöld leggja fram 100% af fjármögnun NKB „Ríkisfjármögnum“).

Ríkisfjármögnum skal veitt með aukningu á hlutafé NKB og fjármagnsgerningi á eiginfjárhætti B, sem FME samþykkti upphaflega eða með öðrum hætti eins og krafist er af hálfi FME og samþykkt af stjórnvöldum.

Aðilar skulu kappkosta að samþykkja og ljúka endanlegri skjalfestingu fyrir 31. júlí 2009 og eigi síðar en 14. ágúst 2009. Ef endanlegri skjalfestingu er ekki lokið 14. ágúst 2009 er öllum samningum rift sem hér er lýst og/eða eru fyrirhugaðir eða þeir hætta að hafa gildi.

Fjármögnun Kaupþings er skilyrt samkvæmt eftirfarandi skilyrðum sem verði fullnægt 31. október 2009 eða fyrr; -lokið verði við áreiðanleikakönnun sem Kaupþingi þykir fullnægjandi; -samþykki FME við fjármögnun Kaupþings; -Viðbrögð kröfuhafa þyki ásættanleg að mati Kaupþings og í kjölfar þess ákvörðun skilanefndar að ljúka við fjármögnun Kaupþings. Ef svo fer að ákvæðum sem kveðið er á um í þessari málsgrein verði ekki fullnægt þann 31. október 2009 eða fyrr, eða fjármögnun Kaupþings er ekki lokið þann dag, eða skilanefndin lýsir því yfir að hún muni ekki ljúka við fjármögnun Kaupþings, þá skal fjármögnun Kaupþings rift eða ógilt.

Aðilar skulu samþykkja að eigi síðar en 31. október 2009 skuli haldinn hluthafafundur NKB þar sem hlutafé NKB verði fært niður og í kjölfar þess aukið til að gera Kaupþingi kleift að skrá sig fyrir hlutafé sem nemur 65% af heildarfjármögnum þeirri sem þarf fyrir NKB eða að því marki sem er ekki leyfilegt samkvæmt íslenskum lögum, en hafi sömu áhrif eftir öðrum leiðum („**Fjármögnun Kaupþings**“). Til að taka af allan vafa skal fjármögnun Kaupþings eingöngu felast í framlagi hlutafjár eins og fram kemur í fylgiskjali A.

Eftir fjármögnun Kaupþings skal fjármagna NKB eins og hér segir:

- (i) Stjórnvöld skulu hafa lagt fram 35% af heildarfjármögnum sem þarf fyrir NKB, en gegnum hana ber þeim að leggja fram allan fjármagnsgerninginn á eiginfjárluta B. Annar hluti stjórnvalda skal vera í hlutafé.
- (ii) Kaupþingi ber að leggja til 65% af heildarfjármögnum sem þarf fyrir NKB með hlutafé.

5. Hluthafasamningur

Aðilar samþykkja að gera hluthafasamning þar sem kveðið er á um réttindi aðilanna eins og fram kemur í fylgiskjali C.

6. Skuldabréf SPRON og Sparisjóðabankinn

Aðilar samþykkja að stjórnvöld skulu skaðleysa NKB og Kaupþing að því er varðar virði skuldabréfs SPRON og fyrirhugað skuldabréfs Sparisjóðabankans. Aðilar samþykkja enn fremur að vinna að því að skuldabréf SPRON og skuldabréf Sparisjóðabankans verði gerð tæk sem veð fyrir fjármögnum eða lausafjársamningi við Seðlabankann samkvæmt núgildandi reglum um slík viðskipti með álíka skilmálum fyrir skuldabréf SPRON og gilda um ríkisskuldabréf.

7. Áreiðanleikakönnun

Aðilar samþykja að fyrir 31. október 2009 muni þeir vinna saman til að gera Kaupþingi og ráðgjöfum þess kleift að vinna fjármálalega, viðskiptalega, lagalega og tæknilega áreiðanleikakönnun á NKB eins og þeir telja þörf á í tengslum við fjármögnun Kaupþings. Þetta felur í sér sanngjarnan aðgang að lykilstarfsmönnum, ráðgjöfum, skrám, samningum, sérleyfum, o.fl. sem Kaupþing telur með réttu nauðsynlegt til að ljúka framangreindri áreiðanleikakönnun með tilhlýðilegum hætti.

Aðilar munu vinna saman til að reyna að tryggja að Kaupþing og ráðgjafar þess hafi áframhaldandi aðgang að Deloitte LLP Net Asset Valution Report Part 1, Deloitte LLP Net Asset Valuation Report Part 2, Oliver Wyman Net Asset Report og viðskiptaáætlun og ítarlegum líkönnum frá stjórn NKB, svo fremi að þessir aðilar undirriti samning um trúnað og skaðleysi.

Kröfuhafar og ráðgjafar þeirra sem hafa undirritað trúnaðarsamninga sem aðilar telja fullnægjandi, skulu við undirritun aðila á þessum rammasamningi hafa rétt til að að framkvæma fjármálalega, viðskiptalega, lagalega og tæknilega áreiðanleikakönnun á NKB eins og aðilar hafa komið sér saman um. NKB mun gera slíkar upplýsingar tiltækar í pappírsformi og/eða rafrænu formi í gagnaherbergi þar sem aðilar hafa komið sér saman um framlagt efni.

Kröfuhafar skulu enn fremur hafa aðgang að ferli áreiðanleikakönnunarinnar að því marki sem aðilar samþykkja.

8. Skilmálar

Endanleg skjalfesting er með fyrirvara um marga skilmála, einkum eftirfarandi:

- Leyfi fyrir Kaupþing frá FME til að kaupa hæfan hlut í NKB og samþykki fyrir fjármögnun Kaupþings.
- Samþykkir Samkeppniseftirlitsins varðandi fyrirhuguð viðskipti.
- Ásættanleg lausn varðandi skuldabréf SPRON.
- Sérhæfð skýrsla frá óháðum endurskoðanda samkvæmt 6. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög sem staðfestir virði eigna sem notaðar verða fyrir fjármögnun Kaupþings eins og kveðið er á um í fylgiskjali A.

9. Endanlegur samningur

Aðilar staðfesta og samþykkja að þessi RS teljist ekki fullur og endanlegur samningu að því er varðar viðskiptin sem hér eru fyrirhuguð og er háður mörgum skilyrðum. Hann er því ekki bindandi fyrir aðilana.

10. Samráð við kröfuhafa

Skilanefndin mun boða til fundar kröfuhafa Kaupþings („**Kröfuhafafundur**“) eins og lýst er hér fyrir neðan. Tilgangur kröfuhafafundar er að veita öllum kröfuhöfum vettvang og tækifæri til að veita skilanefndinni fullnægjandi endurgjöf varðandi samningana.

Skilanefndinni ber að taka mið af endurgjöf kröfuhafafundar þegar ákveðið er hvort eigi að framkvæma fjármögnun Kaupþings.

11. Stjórn í millitiðinni

Aðilar skuldbinda sig til að takmarka starfsemi NKB við það sem telja má almenna starfsemi á tímabilinu frá 17. júlí 2009 þar til Kaupþing er fjármagnað eða þegar Kaupþing lýsir yfir að það muni ekki framkvæma fjármögnun Kaupþing eða 31. október, eftir því hvaða dagur er fyrstur. Á tímabilinu frá 17. júlí 2009 til endanlegrar skjalfestingar hefur Kaupþing rétt til að skipa áheyrmarfulltrúa í stjórn NKB. Að lokinni endanlegri skjalfestingu ber Kaupþingi og stjórnvöldum hvorum um sig að skipa fimm stjórnarmenn og fimm varamenn í stjórnina. Hvor aðili getur ákveðið að skipa færri stjórnarmenn sem ráða alls yfir fimm atkvæðum. Stjórnin kýs formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna en atkvæði hans skal ekki ráða úrslitum ef kemur til jafnra atkvæða í millitiðinni.

Skipun eða afskipun stjórnarmanna/yfirstjórnar skal gerð með sameiginlegri ákvörðun stjórnvalda og Kaupþings.

Samþykkjur listi áskilinna mála skal fylgja sem NKB getur ekki skuldbundið sig til án samþykkis stjórnvalda og Kaupþings.

Stjórnvöld skuldbinda sig til að tryggja að nauðsynlegar breytingar séu gerðar á stofnsamþykkum NKB að því er þetta varðar.

NKB skuldbindur sig til að fullgera ekki reikninga sína fyrr en eftir endanlega skjalfestingu.

12. Tímaáætlun

Eftirfarandi tímaáætlun tilgreinir aðgerðir sem aðilar ætla sér til að framkvæma samningana sem kveðið er á um í 3. grein hér fyrir framan. Aðilar munu leitast við að fylgja þessari tímaáætlun og ef það reynist óhagkvæmt gera þeir ráðstafanir eftir þörfum til að framkvæmda samninga sem fyrirhugaðir eru með rammasamningi þessum eins fljótt og hagkvæmt getur talist.

17. júlí 2009

Fjármögnun stjórnvalda samkvæmt 3. grein.

Stjórnvöld og NKB halda áfram að greiða fyrir áreiðanleikakönnun skilanefndar, kröfuhafa og ráðgjafa þeirra og veita aðgang að öllum viðkomandi upplýsingum.

17. júlí – 14. ágúst 2009

Stjórn NKB fullgerir drög að efnahagsreikningi sínum og aðrar fjármálaupplýsingar (með fyrirvara um endurskoðun og birtingu reikninga), viðskiptaáætlanir og fjármögnunarkröfur.

FME samþykkir fjárhagsskipulag NKB sem fyrirhugað er í fjármögnun Kaupþings.

31. júlí – 14. ágúst 2009

Aðilar kappkosta að hafa samþykkt og framkvæmt samningana fyrir 31. júlí 2009 og að hafa fullnustað endanlega skjalfestingu 14. ágúst 2009.

Uppfylla verður öll skilyrði þessa rammasamnings.

14. ágúst – 31. október 2009

Endurskoðun reikninga NKB lokið.

Stjórnvöld, NKB og skilanefndin samþykkja efni upplýsingapakka sem skilanefnd sendir kröfuhöfum fyrir kröfuhafafund.

Skilanefnd sendir kröfuhöfum upplýsingapakka og boðar kröfuhafafund til að meta og fá endurgjöf, ef það er við hæfi, varðandi fjármögnun Kaupþings.

Kröfuhafafundur haldinn eins fljótt og auðið er eftir sendingu upplýsingapakka.

Kaupþing skal eftir kröfuhafafundinn en ekki síðar en 31. október 2009 ákveða hvort fara eigi í fjármögnun Kaupþings eða ekki.

Ef endanlegrí skjalfestingu er lokið og Kaupþing hefur ekki fjármögnun Kaupþings þann 31. október eða fyrr eða ef Kaupþing tilkynnir fyrir þann dag að fjármögnun Kaupþings verði ekki framkvæmd, munu vörslusamningurinn, samningur um skilyrtan virðisrétt og samningur um eiginfjárvallrétt virkjast.

13. Almennt.

Hvor aðili um sig ber ábyrgð á eigin kostnaði í tengslum við þennan rammasamning og í tengslum við undirbúnung og samningaviðræður honum tengdar.

Aðilar kappkosta að ákveða fyrirkomulag fyrir framsal eigna á núllvirði í reikningsdrögum NKB.

Um rammasamning þennan gilda íslensk lög og aðilar gangast undir einskorðaða lögsögu íslenskra dómstóla.

Aðilar skulu gera sitt besta til að leysa allan ágreining varðandi rammasamninginn í góðri trú.

ÞESSU TIL VITNIS hafa samningsaðilar komið til leiðar fullnustu þessa rammasamnings með tilhlyðilegum hætti þann 17. júlí 2009.

Fjármálaráðuneyti Íslands
Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra (*sign*)

Nýja Kaupþing banki hf.

Kaupþing banki hf.
Steinar Þór Guðgeirsson (*sign*)

Knútur Þórhallsson (*sign*)

Theódór Sigurbergsson (*sign*)

Jóhannes Rúnar Jóhannesson (*sign*)

Vottar:

(ólæsileg undirskrift, 041267-2919)
Nafn og kennitala

(ólæsileg undirskrift, 100871-3519)
Nafn og kennitala

Fylgiskjal A-Fjármögnunarsamningur Kaupþings

AÐILAR	Kaupþing og stjórnvöld
MARKMIÐ	<p>Aðilar skulu koma sér saman um að eigi síðar en 30. október 2009 skuli Kaupþing skrá sig fyrir hlutafé í NKB sem nemur 65% af heildarfjármögnumarþörf NKB („Fjármögnun Kaupþings“)</p> <p>Fjármögnun Kaupþings er háð því að skilanefndin taki endanlega ákvörðun um að fjármagna NKB að loknum kröfuhafafundi með hliðsjón af endurgjöf kröfuhafa.</p> <p>Eftir fjármögnun Kaupþings skal heildar eiginfjárhlfall NKB vera 16%. Þar af skulu 12% vera í formi eiginfjárbáttar A og 4% skulu vera í formi eiginfjárbáttar B, nema FME geri kröfu um annað. Hlutur stjórnvalda af heildarfjármögnum NKB skal vera 35%, og skulu stjórnvöld leggja til allan eiginfjárbátt B og eftirstöðvar af hluta stjórnvalda skulu vera í hlutafé. Fjármögnun Kaupþings skal eingöngu vera í formi hlutfjárr.</p> <p>Ef FME samþykkir fjármögnun NKB í lægra eða herra hlutfalli eða krafa er gerð um aðrar eignablöndu, skal breyta fjármögnun samkvæmt því.</p>
FERLI	<p>Stjórnvöld skuldbinda sig til að tryggja að NKB boði til hluthafafundar að beiðni Kaupþings. Slíkur hluthafafundur skal haldinn innan einnar viku frá því að Kaupþing leggur fram beiðnina. Hluthafafundur skal hvort sem er haldinn 30. október 2009.</p> <p>Ef skilyrði fyrir fjármögnun Kaupþings eru uppfyllt, skal hluthafafundur færa niður og síðan auka hlutafé NKB til að gera Kaupþingi kleift að skrifa sig fyrir hlutafé í NKB sem nemur 65 % af heildarþörf fjármögnumar fyrir NKB.</p>
EIGNIR OG SKULDBINDINGAR	<p>Ef munur er á milli virðis framseldra skuldbindinga og virðis framseldra eigna í drögum að endurskoðuðum reikningum NKB, munu aðilarnir leggja fram eignir til jafns þeirri fjárhæð ef þörf krefur.</p>
SKATTAMÁL	<p>Ef breyta þarf hlutföllum eiginfjárvégna skatta samþykka aðilarnir að gera nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi.</p>
HÆTT VIÐ FJÁRMÖGNUN KAUPÞINGS	<p>Kaupþingi er heimilt hvenær sem er fram til 31. október 2009 að lýsa yfir að það takist ekki á hendur fjármögnun Kaupþing með tilkynningu þar að lútandi til stjórnvalda. Með slíkri yfirlýsingu eða vanefndum að öðru leyti að framkvæma fjármögnun Kaupþings fyrir 31. október 2009 fyrirgerir Kaupþing öllum réttindum varðandi hlutina, stjórnina, áreiðanleikakönnumuna o.s.frv. eins og fyrirhugað er í þessum rammasamningi.</p> <p>Ef Kaupþing lýsir yfir að skilyrði fyrir fjármögnun Kaupþings séu ekki uppfyllt, eða ef fjármögnun Kaupþings hefur ekki átt sér stað 31. október 2009, eftir því hvor dagurinn er á undan, taka</p>

	vörlususamningurinn, samningur um skilyrtan virðisrétt og samningur um eiginfjárváralrétt gildi.
SPM UPPLÝSINGAR OG ÁBYRGÐIR	Stjórnvöld, Kaupþing og NKB skulu kappkosta að ná ásættanlegrí lausn að því er varðar kaup NKB á Sparisjóði Mýrarsýslu („SPM“). Ef kröfuhafar SPM fá veittan hlutavalrétt í NKB vegna samsetningu kröfuhafa SPM, skal hlutur aðilanna minnkaður hlutfallslega.
RÁÐANDI LÖG OG LÖGSAGA	Íslensk lög innan lögsögu íslenskra dómstóla

FYLGISKJAL B -FJÁRMAGNSGERNINGUR Á EIGINFJÁRPÆTTI B

AÐILAR	Kaupþing, stjórnvöld og NKB
ÚTGEFANDI	NKB
FJÁRFESTIR	Stjórnvöld
FJÁRHÆÐ	<p>ISK sem nemdur 4% af eiginfjárlutfalli sem hækkar eiginfjárpátt B úr 12% í 16%.</p> <p>Ef FME gerir kröfu um aðra fjármögnun eiginfjárbáttar A, hefur NKB rétt til að ákveða að breyta eiginfjárpætti B að hluta eða að fullu í gerning á eiginfjárpætti A á skilmálum sem samið verður um.</p>
DAGSETNINGAR	<p>Útgáfudagur: 14. ágúst 2009</p> <p>Kaupréttardagur: Útgefandi hefur rétt til að kaupa skuldabréfið á vaxtagreiðsludegi í ágúst 2014 eða á einhverjum vaxtagreiðsludegi eftir það og í hlutum fyrir 5 ár með fyrirvara um samþykki FME. Skuldabréfin skulu innleyst á jafnvirði.</p> <p>Gjalddagi: 14. ágúst 2019</p>
GJALDMIÐILL	EUR eða annar gjaldmiðill sem NKB velur
FLOKKUN	Víkjandi, ótryggð skuldabréf
ARÐMIÐI	<p>Vextir af skuldabréfunum skulu greiðast ársfjórðungslega eftir á með frestunarrétti að vali NKB fyrstu tvö árin.</p> <p>Frá og með útgáfudegi en að frátöldum vaxtagreiðsludegi í ágúst 2014, munu skuldabréfin bera breytilega vexti miðað við 3 mánuði EURIBOR+400 grunnpunktar. Frá og með vaxtagreiðsludegi í ágúst 2014 til en að undanskildum gjalddaga bera skuldabréfin breytilega vexti miðað við 3 mánuði EURIBOR+500 grunnpunktar.</p>
GREIÐSLUR	EUR eða annar gjaldmiðill sem breytt er á stundargengi þegar greiðslur eru á gjalddaga.
VANSKILATILVIK	Slit
FRAMSALSHÆFI	Framsal er frjálst
VAL Á LÖGUM OG LÖGSÖGU	Ensk lög og enskir dómstólar

FYLGISKJAL C-HLUTHAFASAMNINGUR

AÐILAR	Kaupþing og stjórnvöld
STJÓRNUNARHÆTTIR	<p>Aðilar samþykkja að á hluthafafundi þar sem fjármögnun Kaupþings fer fram skulu aðilar kjósa stjórn NKB sem skipuð verður fimm (5) stjórnarmönnum og fimm 5) varastjórnarmönnum.</p> <p>Stjórnvöld skulu hafa rétt til að tilnefna einn (1) stjórnarmann og einn (1) varamann á eignartíma hlutafjár í NKB og Kaupþing skal hafa rétt til að tilnefna fjóra (4) stjórnarmenn og fjóra (4) varamenn. Kaupþing tilnefnir formann stjórnar. Stjórnvöld og Kaupþing kjósa þá meðlimi sem aðilar tilnefna hvor um sig á hluthafafundinum.</p> <p>Kaupþing er heimilt að fjölga stjórnarmönnum sínum í NKB.</p> <p>Stjórnvöld skulu hafa stöðvunarrétt (blocking right) að því er varðar ákvörðun um slit NKB.</p>
TÍMALENGD	Hluthafasamningurinn öðlast gildi á degi fjármögnunar Kaupþings. Ef heildarhlutur stjórnvalda er einhvern tíma lægri en 5% ber að rífta hluthafasamningnum tafarlaust að beiðni annars aðilans.
FRAMSAL HLUTA/ÚTGÁFA	<p>Tilkynna ber Kaupþingi um alla fyrirhugaða sölu eða framsal stjórnvalda á hlutum sínum í NKB og hefur í þeim tilvikum rétt á fyrstu neitun í tengslum við slíka hluti, svo fremi að Kaupþing greiði hið minnsta það verð sem stjórnvöldum er boðið fyrir hlutina.</p> <p>Að því er varðar útgáfu nýrra hluta skulu Kaupþing og stjórnvöld hafa forkaupsrétt í hlutfalli við hlutaeign sína.</p>
ÞVINGUNARRÉTTUR OG MEÐSÖLURÉTTUR	<p>Ef Kaupþing selur 50% hluta að viðbættum einum eða fleiri hlut í NKB, skal Kaupþing hafa þvingunarrétt (drag-along) að því er varðar hluti stjórnvalda og stjórnvöld hafa meðsölurétt (tag-along) til að selja sína hluti ásamt hluta Kaupþings.</p> <p>Í báðum tilfellum ber að selja hlutina í NKB á sama verði og með sömu skilmálum og voru boðnir Kaupþingi.</p>
VALRÉTTUR	Stjórnvöld veita Kaupþingi valrétt varðandi eignarhlut stjórnvalda sem verður nýttur á verði sem gefur árlegan hagnað áhættulausra vaxta plú 5% fyrir stjórnvöld ofan á upphaflega áskrift að slíkum hlutum að frádregnum arðgreiðslum. Ef Kaupþing nýtir valréttinn er því skyld að aðlaga eiginfjárbátt B samkvæmt því.
RÁÐANDI LÖG OG LÖGSAGA	Íslensk lög og lögsaga íslenskra dómstóla

**FYLGISKJAL D -VÖRSLUSAMNINGUR OG SAMNINGUR UM SKILYRTAN
VIRÐISRÉTT**

AÐILAR	Kaupþing og NKB
UPPSETNING VÖRSLU EIGNA OG AÐGREINDAR EIGNIR	<p>Aðilar skulu gera vörlusamning og samning um skilyrtan virðisrétt eins og fram kemur í þessu fylgiskjali.</p> <p>Þó öðlast vörlusamningurinn og samningurinn um skilyrtan virðisrétt eingöngu gildi á fyrri dagsetningunni af þessum tveimur: (i) dagurinn sem Kaupþing lýstir yfir að skilyrði fyrir fjármögnun Kaupþings séu ekki uppfyllt eða (ii) ef fjármögnun Kaupþings hefur ekki átt sér stað fyrir 31. október 2009.</p> <p>Ef endanleg skjalfestingu er ekki lokið þann 14. ágúst 2009 eða fyrr, en vörlusamningurinn og samningur um skilyrtan virðisrétt hafa báðir verið fullnustaðir, skulu báðir samningarnir teljast ógildir og hvorugur aðili getur krafist neins réttar samkvæmt þeim.</p> <p>NKB skal aðgreina tilteknar eignir á þeim degi sem fyrr er: (i) dagurinn sem Kaupþing lýstir yfir að skilyrði fyrir fjármögnun Kaupþings séu ekki uppfyllt eða (ii) ef fjármögnun Kaupþings hefur ekki átt sér stað fyrir 31. október 2009. Á sama degi skal Kaupþing setja tilteknar eignir á vörlsureikning með veði í þágu NKB eins og lýst er hér fyrir neðan.</p>
VÖRSLUEIGNASAFN	<p>Kaupþing leggur til safn arðbærra eigna sem að minnst kosti eru jafnvirðar áætluðu matsbili fyrir NKB til samþykkta („Vörlueignasafn“). Ef aðilarnir koma sér ekki saman um matið þá þarf óháður matsaðili að staðfesta virði vörlueignasafnsins.</p> <p>Allar tekjur af eignum í vörlueignasafninu verða lagðar inn á sérstakan vörlsureikning í nafni NKB og Kaupþings. Tekjurnar að því marki að þær fari ekki yfir EURIBOR plús 175 verða greiddar NKB. Tekjur yfir EURIBOR 175 verða greiddar Kaupþingi.</p> <p>Heimilt er að leysa eignir úr vörlueignasafninu til Kaupþings að því marki að virði slíkra eigna sé meira en nemur matsbilinu. Í lok vörlutímabilsins ber að greiða NKB allar eignir sem eftir eru í vörlueignasafninu.</p> <p>Á vörlutímabilinu er Kaupþingi heimilt að skipta út eignum í vörlueignasafninu svo fremi að aðilar séu sammála um að slíkar útskiptieignir séu jafnvirðar þeim eignum sem út eru teknar og ef ekki næst samkomulag um það, þá vottar matsaðili að sú sé raunin.</p>

AÐGREINDAR EIGNIR	<p>NKB og Kaupþing koma sér saman um eignasafn innan NKB sem samanstendur af 40 stærstu lánunum úr fyrirtækjaláanasafni NKB, nema aðilar komi sér saman um annað og þessar eignir ber NKB að aðgreina tilhlýðilega („Aðgreindar eignir“).</p> <p>Upphaflegt mat miðað við dagsetningu á drögum að efnahagsreikningi á grundvelli endurskoðaðra reikninga fyrir tímabilið sem hefst 22. október 2008 („Upphaflegt mat“) skal skráð á aðgreindu eignirnar.</p> <p>Í lok hvers almanaksárs á vörlutímabilinu, nema aðilar komi sér saman um annað, skal NKB að beiðni Kaupþings framkvæma virðismat á aðgreindu eignunum („Bráðabirgðamatsdagur“). NKB upplýsir Kaupþing um matið sem síðan gerir sitt eigið mat.</p> <p>Ef aðilar ná ekki samkomulagi eftir tiltekinn tíma, ákveður matsaðili viðeigandi mat. Í lok vörlutímabilsins framkvæma aðilarnir samsvarandi mat („Lokamatsdagur“).</p> <p>Ef virði aðgreindu eignanna er meira á bráðabirgðamatsdegi eða lokamatsdegi en matið á aðgreindu eignunum, skal viðeigandi aðlögun gerð fyrir vörlueignasafnið. Virði eigna sem teknar eru úr vörlueignasafningu skal dregið frá síðara umframvirðismat.</p> <p>Mat á aðgreindu eignunum skal merkja virðið fram yfir upphaflegt mat á aðgreindu eignunum ásamt ATH virkum vöxtum á aðgreindu eignunum sem og það kemur fram í viðskiptaáætlun NKB að frádregnum vaxtagreiðslum sem NKB hefur fengið á vörlutímabilinu og aðilar hafa samþykkt.</p> <p>Aðilar munu koma sér saman um og skilgreina hámarksfjárhæð UPSIDE sem greiða má Kaupþingi eftir mat á aðgreinda eignasafninu.</p>
VEÐTRYGGING	<p>Veð á vörlueignasafnið veitt í þágu NKB.</p> <ul style="list-style-type: none"> (a) Tímabil: Til 31. desember 2012 eða þess dags sem matsbilið telst vera núll, eftir því hvor dagurinn er fyrr. Ef þann 31. desember 2012 enn vantar upp á, skal færa eignir sem því samsvara af hálfu Kaupþings til NKB. (b) Fullnustutilvik: Efnisleg brot Kaupþings á vörlusamningnum. (c) Neikvætt veð veitt Kaupþingi í tengslum við þessar eignir.
EFTIRLIT MEÐ EIGNUNUM Á VÖRSLUTÍMABILINU	Skipaður verður fulltrúi Kaupþings til að fylgjast með aðgreindu eignunum fyrir hönd Kaupþings („Eftirlitsaðili“). Að auki hefur eftirlitsaðili rétt til þess að:

	<p>(a) sækja alla fundi lánanefnda NKB þar sem aðgreindu eignirnar eru til umræðu eða þar sem ákvarðanir eru teknað varðandi aðgreindu eignirnar; og</p> <p>(b) veita ráðgjöf í tengslum við allar ákvarðanir teknað í tengslum við aðgreindu eignirnar.</p> <p>Svo fremi að eftirlitsaðili hafi ekki rétt til að beita neitunarvaldi við ákvarðanir teknað varðandi aðgreindu eignirnar.</p> <p>Ef virði aðgreindu eignanna eða vörlueignasafnið er hvíkult, kann að vera hagkvæmt að framkvæma bráðabirgðamat á vörlutímabilinu til að hægt verði að leiðréttta efnislegan mun á mati þeirra og upphaflegu mati (t.d. með því að fjarlægja eignir ef farið er fram yfir upphaflegt mat eða með viðbót eigna ef upp kemur skortur).</p>
ÁGREININGUR	<p>Kaupþing hefur rétt til að stigmagna ágreining í tengslum við aðgreindu eignirnar með því að vísa ágreiningnum til stjórnar NKB; og</p> <p>Aðilar skulu koma sér saman um deilujöfnunarferli sem Kaupþing getur hvenær sem er vísað í ágreiningi vegna aðgreindu eignanna. Deilujöfnunarferlið getur ákveðið bætur fyrir Kaupþing að því er varðar ákvarðanir sem ganga gegn hagsmunum Kaupþings.</p>
RÁÐANDI LÖG	Íslensk lög og lögsaga íslenskra dómstóla.

FYLGISKJAL E – SAMNINGUR UM EIGINFJÁRVALRÉTT

ÚTGEFANDI	Stjórnvöld
VALRÉTTUR	Á þeim degi sem fyrri er (i) dagurinn sem Kaupþing lýstir yfir að skilyrði fyrir fjármögnun Kaupþings séu ekki uppfyllt eða (ii) ef fjármögnun Kaupþings hefur ekki átt sér stað fyrir 31. október 2009 ber stjórnvöldum að gefa út valrétt yfir 90% hluta síns í NKB („Eiginfjárvaleftur“).
UPPHAFLEGUR HAFI VALRÉTTAR	Kaupþing
ÚTGÁFUDAGUR EIGINFJÁRVALRÉTTAR	Á þeim degi sem fyrri er (i) dagurinn sem Kaupþing lýstir yfir að skilyrði fyrir fjármögnun Kaupþings séu ekki uppfyllt eða (ii) ef fjármögnun Kaupþings hefur ekki átt sér stað fyrir 31. október 2009.
UNDIRLIGGJANDI	Almenn bréf í NKB í eigu stjórnvalda
BOÐINN VALRÉTTUR	Nýta má valréttinn á einum flokki á 90% af hluta stjórnvalda í NKB
FULLNUSTUVERÐ	Það er reiknað þannig að stjórnvöld fái árlegan hagnað sem jafngildir áhættulausum vöxtum plús 5% af upphaflegri fjárfestingu sinni í NKB. Slíkt fullnustuverð verði leiðrétt vegna arðgreiðslna sem áður hafi verið greiddar stjórnvöldum („Fullnustuverð“).
FULLNUSTUTÍMABIL/LOK	Heimilt er að nýta valréttinn á eins mánaðar tímabili strax eftir birtingu reikninga fyrir fjárhagsárin 2010-2014.
AND-ÚTVÖTNUN	Viðeigandi leiðréttigar vegna jöfnunarhlutabréfa, arðs af hlutum, fjármagnsaukningar, o.s.frv.
SELJANLEIKATILVIK OG BREYTT STJÓRNUN	Seljanleikatilvik þarf að fara á undan fullnustu valréttar. Seljanleikatilvik felur í sér almennt útboð hluta („IPO“) og breytta stjórnun (verður skilgreint). Ef kemur til IPO er möguleiki að hlutir verði háðir hömlunarákvæðum eins og bakhjarlar gera kröfur um hverju sinni.
STAÐA VIÐ SLIT	Valrétturinn skal metinn á jafnréttisgrundvelli fyrir almenna hluthafa með fyrirvara um að stjórnvöld fái fullnustuverðið.
FRAMSELJANLEIKI	Framseljanleg
STJÓRNUNARHÆTTIR	Meðan valréttur er í gildi skal Kaupþing hafa einn fulltrúa í stjórn með full réttindi. Sá stjórnarmaður hefur rétt til að taka sæti í nefndum sem NKB taldi þurfa í tengslum við valréttinn. Tiltekin mál skulu enn fremur þurfa einróma samþykki (eins og vaninn er við svipaðar aðstæður) Valréttarhafi skal hafa aðgang að árshlutareikningum NKB um leið og þeir eru birtir og ársfjórðungsreikningum sem kunna að verða tiltækir.

UPPLÝSINGAR	FME kann að krefjast upplýsinga um eignarhlut yfir viðeigandi mörkum í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki.
RÁÐANDI LÖG	Ensk lög og enskir dómstólar